

birta

alltaf að

TÍSKA

Leður og lakk

MATUR

Kartöflur og meira með

DONNA KAREN HUNDANNA

Theodóra Elísabet Smáradóttir

SKAPANDI VINNUALKI

» *Leikhúsmaðurinn Agnar Jón*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
15. - 21. september



Hrukkur minnka,

Þegar húðin er byggð upp innanfrá.

LIFTACTIV PRO

Fyrirbyggjandi krem gegn hrukkum

Dregur úr fyrstu hrukkum og stinnir húðina*. Sjáanlegur árangur er 43%**

Fibrocyklamide™ er fyrsta virka efnið sem getur byggt húðina upp innanfrá, svo hún viðhaldi teygjanleika sínum og þéttni. Húðin byggist upp innanfrá og verður sléttari. Inniheldur Vichy lindarvatn.

Fibrocyklamide™ viðheldur uppbyggingu trefjaforðans*



Öldruð húð:
Dregið hefur úr trefjaforðanum.



Eftir notkun Fibrocyklamide™:
Trefjaforðinn endurnýjast.

LiftActiv Pro – sannræynd áhrif*



Fyrir notkun:
Sjáanlegar hrukkur.



Eftir notkun:
Dregið hefur úr sjáanlegum hrukkum um allt að 50%.

Dæmin sýna besta árangur.

NÝTT
BYGGT Á
10 ÁRA
RANNSÓKNUM



Vichy fæst eingöngu í apótekum, þar sem þú færð faglega ráðgjöf um umhirðu húðar.

VICHY – HEILSULIND HÚÐARINNAR

* Prófun á virkni Fibrocyklamide™
** Prófað á 38 konum í 12 vikur. Bestur árangur á 25% þeirra sem prófaðar voru.





**150.000 KR.
GJAFABRÉF**

Enn frekari ávinningur
stendur einum nýjum reikningseiganda
til boða:

Ferðavinningur frá Heimsferðum,
gjafabréf að andvirði 150.000 kr.

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 24. september nk.** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti um áramótin.

SPRON Vaxtabót

– allt að **13% vextir*** + vaxtaauki

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus.

SPRON Viðbót

– allt að **4,8% vextir*** + vaxtaauki


Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn til 36 mánaða. Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaálag að binditíma loknum.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON
fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. september 2006





16



26



20



14

Þetta helst

- 7 Minnisbók með minningum
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi: Árstíðaskipti
- 10 Brennsla Henriks Baldvins Björnssonar
- 12 Kvenfélagið Garpur
- 14 Unicef: Það er gaman að gefa
- 24 Hvað áttu að gera í vikunni?

Greinar og viðtöl

- 16 Agnar Jón: Skapandi vinnualki
- 20 Donna Karan hundanna
- 22 Samskipti við stjúpbörn flóknari

Hann/hún

- 26 Kartöflur og meira með
- 32 Tíska: Nú er það svart!
- 34 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 36 Zoöy Deschanel: Leiðir tiskuna
- 38 Í röð og reglu:
Guðrún Helgadóttir rithöfundur
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 42 Um nauðsyn þess að teygja
- 44 Skór og heilsa
- 46 Í form fyrir föstudag

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

birta

15. – 21. september 2006 nr. 37

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
kristineva@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Jón Laufdal / jon@frettabladid.is
Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796
Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677
Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Heiða
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni

VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

VISA

Spurðu um VISA Lán

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan
eða í síma 525 2000



Texti: EINAR ELÍ MAGNÚSSON
Mynd: STEFÁN KARLSSON

Minnisbók með minningum

Án minninga mundi lífið virðast tilgangslaust dag frá degi. Eftir því sem tíminn líður dofna þær og hverfa, en þangað til ylja þær okkur um hjartarætur, framkalla bros á varir og glampa í augum.

Í stað þess að stóla eingöngu á gráu sellurnar til að muna eftir góðu sumarfríi er eitursnjallt að safna ljósmyndum, flugseðlum, aðgöngumiðum, orðsendingum, erlendum seðlum, servíettum,

leikskrár og lestarmiðum í bók sem hægt er að fletta á köldum vetrarmánuðum og um ókomna tíð.

Í raun eru engin takmörk fyrir því hvað er hægt að líma inn í svona bækur. Eftir tíu ár gæti það svo komið þér á óvart hvað sumarfríið 2006 var ótrúlega skemmtilegt og hvað þú ferðaðist mikið og komst miklu í verk, þó að þú munir þá eftir litlu öðru en blautasta júnímánuði aldarinnar.

ÁRSTÍÐASKIPTIN

Septembermánuður markar upphaf haustsins. Veðrið fer ögn kólnandi, tískustraumarnir taka breytingum, bækur fara upp á borð og kaldar tær hörfa undir teppi. Gott er fyrir sálina að dansa með árstíðunum og nú ættum við því að leyfa haustinu að stýra okkar daglega lífi.

heitt & kalt

Heitt

ÖKKLASTÍGVÉL. Áttundi áratugurinn er æpandi áberandi í haust og langflottast að nota þessi stígvél við leggings.

MJÚKIR KARLMENN MEÐ GÍTAR. Pétur Ben, Jack Johnson, Joshua Radin o.fl. Þeir eru einlægir og yndislegir.

SUSHI Já já, það er rosalega gott, en eigum við ekki að prófa eitthvað nýtt?

GERVILEGAR LJÓSKUR Það er nákvæmlega ekkert flott við sílikonbrjóst, appelsínugula húð og aflitað hár.

HAUSTRIGNING Æi, bara smá sól í viðbót, kæru veðurguðir. Bara smá. Litríkt haustið nýtur sín betur í sólskini.

Ískalt

NÝR STÍLL MEÐ NÝRRI ÁRSTÍÐ

Árstíðaskiptunum fylgja breytingar á tískustraumunum. Sumarbolir og sandalar hverfa aftast í skápinn og rokkaður stíll gruggsins er nú ráðandi. Hversdagslegt og röff, það er málið.



SKIPT UM HAM Nú fara laufin að skipta litum. Marglituð tré og svífandi laufblöð fegra gráa tilveruna og veita sjónræna sárabót í köldu veðri.

HAUSTLEG UPPLÝFTING

Haustveðrið á það til að halda hraustustu mönnum föstum í faðmi heimilisins. Ekki er úr vegi að dansa með árstíðunum og gefa heimilinu haustlega upplýftingu. Hægt er að festa kaup á haustlegum vörum eins og þessum púða úr Habitat eða tína falleg laufblöð eða greinar og búa til skreytingu.



EKKI MISSA ÚR MÍNÚTU Einhverra hluta vegna er sængin aðeins þyngri á haustmánuðum og því erfiðara að komast undan henni á köldum dögum. Kröftug vekjaraklukkan ætti að koma að góðum notum þá mánuði sem eru myrkvaðari en aðrir og hljómur hennar minnir okkur á að haustið er stórkostleg árstíð sem vert er að njóta til fulls.



SKAMMDEGINU SKOTIÐ REF FYRIR RASS

Nauðsynlegt er að birgja sig upp af ljósgjöfum áður en svartasta skammdegið sígur yfir. Þessi fallega ljósa-króna fæst í Ikea en auðvitað er klassískt að kúra undir teppi með góða bók og láta líða úr sér við kertaljós. Notalegheitin ættu líka að endast vel út veturinn með gula risakertinu úr Habitat.



© 2010 NESTLÉ

AERO BUBBLES
SÚKKULADÍKI Í LLIP
SEM BRÁÐNAÍ
MUNNINUM!
LJUFENGAR SÚKKULADÍKÚLUR MED MINTUBRAGDI.





brennslan mín ...
Henrik Baldvin Björnsson

Þar hafið þið það

Söngvarinn Henrik Baldvin Björnsson hefur vakið töluverða athygli með rokksvetitinni Singapore Sling, en hann fylgist vel með tónlistarheiminum og horfir aftur til gömlu meistarananna. Af gefnu tilefni hefur Henrik valið tíu lög sem honum þykir gaman að hlusta á þegar hann drepur tímann með Sam Spade. „Áhugasamir geta nálgast þessi lög á sérstökum geisladisk, „Pottþétt Spade“, sem fæst í takmörkuðu upplagi í 12 Tónum og kostar þúsund krónur,“ segir hann.

- LAG 1** **Ghost Rider - Suicide.** Eitt svalasta lag veraldar. Það tók mennina tvo tæpa þrjá tíma að hljóðrita sína fyrstu plötu. Þeir notuðu aðeins bilaða farfisu, trommuheila og rödd.
- LAG 2** **Voodoo Idol - Cramps.** Annað lag sem fær mig til að líða eins og ekkert skipti máli nema að vera kúl. Hægt og svalt rokkabilí og Poison Ivy flottasti gítarleikari í heimi.
- LAG 3** **Crest - Stereolab.** Þeirra besta lag af þeirra bestu plötu. Sem sagt alls ekki sem verst. Gítarrífið er það sama út lagið á meðan bassinn gengur upp og niður eins og lífið sjálft.
- LAG 4** **Revolution - Spacemen 3.** Lag sem tekur afstöðu, en það fjallar um lögleiðslu heróíns. Þið munuð elska það eða hata ef þið eruð fávitar.
- LAG 5** **Nevertheless - The Brian Jonestown Massacre.** Eitt besta lag frá einu besta bandi í heimi í dag. Missið ekki af tónleikum þeirra í Reykjavík 27. nóvember, nema þið séuð blönk eftir ólaunað frí í vinnunni vegna Airwaves.
- LAG 6** **Beat Guitar - The Wailers.** Flott instrumental lag sem svikur engan og gaman er að hlusta á þegar maður er að keyra. Ruglist ekki saman við reggiband Bobs Marley.
- LAG 7** **Mongoloid - Devo.** Lagið um útvinnað mongólíta. Enginn veit að hann er mongólíti. Það er víst algengt á Stór-Reykjavíkursvæðinu.
- LAG 8** **Cracking up - The Jesus and Mary Chain.** Lag af síðustu plötu Reid bræðra, Munki. Fullt af hatri og sjálfsvirritningu, sem hressir alltaf.
- LAG 9** **Pink Room - Thought Gang.** Ég varð ástfanginn af drone rokki eftir að hafa heyrt lagið í David Lynch myndinni, Fire Walk with me.
- LAG 10** **Velvet Underground - Jonathan Richman.** „Spooky tones from a fender bass. Played less notes, left more space. Stayed kind of still, looked kind of shy. Kind of far away, kind of dignified. How in the world were they making that sound? Velvet Underground.“ Og þar hafið þið það.


» **birta mælir með ...**

... **WIND THAT SHAKES THE BARLEY** á kvikmyndahátíð. Það er alltaf gaman að sjá efni sem ekki er gegnsýrt amerískri vellu. Söguviðið er írskra byltingin og er fókusinn á tveimur bræðrum sem berjast fyrir sjálfstæði Írlands. Undir lok stríðsins verða þeir hins vegar ósammála um hvernig sé best að haga baráttunni. Myndin er átakanleg, einlæg og sérlega vel leikin og er Cillian Murphy þar fremstur meðal jafningja.



... **VEISLUNNI, VEISLUPJÓNUSTU**
Birta brá sér í brúðkaup á dögunum. Maturinn sem þar var á borð borinn var með þeim betri sem Birta hefur smakkað í langan tíma. Þeir sem ætla að halda veislu á næstunni ættu að finna flettiorðið „Veislan“ í símaskránni, já og panta.

... **NORWEGIAN WOOD EFTIR HARUKI MURAKAMI** Bókin skaut honum upp á stjörnuhimininn, enda er hún dásamleg í alla staði. Sérstaklega er mælt með því að lesa hana hægt, þar sem textinn er þvítík snilld að ekkert má framhjá manni fara.



Pýramíðaklukkka

NÝTT

Egyptar til forna voru iðnir og duglegir að hugsa. Því til sönnunar gáfu þeir heiminum papírur, dagatal og klukku, svo fátt eitt sé nefnt. Og þeir voru auðvitað þjóða fremstir í því að búa leiðtogum sínum mannsæmandi graphýsi og líklega dettur fleirum í hug pýramíðar en klukkur þegar minnst er á Egyptaland. Þess vegna eru pýramíðaklukkur svo sniðugar. Þær sameina tvær egypskar uppfinningar í eina svo við getum farið að hugsa út fyrir kassann, eða pýramíðann, þegar Egyptaland ber á góma. Á vefslóðinni watch.brando.com.hk er hægt að festa kaup á pýramíðaklukkku fyrir aðeins fimmtán Bandaríkjadali. Á henni eru engir vísar, heldur snúast hlutar pýramíðans mishratt og sýna tímann. Efsta stykkið er hálfgerður sekúnduvísir, það næsta sýnir mínútur og það þriðja klukku-stundir. Á neðsta stykkinu er svo lína til að auðvelda aflestur. Þó að það sé eftir sem áður álíka fljótlegt að lesa tímann af pýramíðaklukkunni og að ráða í heilan vegg af fornægypskum hleróglýfum er hún sjálfsgöð viðbót á hvaða arinhillu sem er.




new
new
new

all out glam

Live

L U X E

jennifer Lopez



Gunnlöð kallaði okkur til leiks

Kvenfélagið Garpur og Hafnarfjarðarleikhúsið frumsýna í kvöld Gunnlaðar sögu, nýtt verk eftir samnefndri sögu Svövu Jakobsdóttur um Dís, íslenska stúlku sem hrindir af stað æsispennandi atburðarás eftir ránstilraun á danska þjóðminjasafninu.

Blaðamaður Birtu leit við á æfingu ásamt ljósmyndara og tók þrjár af leikkonum verksins tali, þær María Hebu Þorkelsdóttur, Mariönnu Clöru Lúthersdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur, sem fer með hlutverk Dísar.

Það liggur beint við að spyrja hvers vegna þessi saga hafi orðið fyrir valinu í ljósi þess að um einstaklega flókinn og margræðan texta er að ræða.

María Heba verður fyrst til að svara: „Gunnlöð kallaði okkur til leiks. Okkur fannst ákveðin áskorun í því að einfalda þessa flóknu sögu fyrir leikhús, án þess þó að draga úr dýptinni og öllum túlkunarmöguleikum sem hún hefur upp á að bjóða,“ segir Marianna. „Það eru svo margar sögur sagðar í verkinu,“ bætir Sólveig við. „Til dæmis ástarsaga, þroskasaga móður og mannkynssagan er sögð upp á nýtt.“

Að sögn leikkvonnanna tók rúmt ár að koma endalegri mynd á verkið. „Sigurbjörg Prastardóttir samdi leikgerð upp úr sögunni og Þórhildur Þorleifsdóttir tók að sér leikstjórn,“ segir María Heba. „Við unnum í maímánuði með leikgerðina til að átta okkur á því hvernig við vildum segja söguna og Sigurbjörg endurskrifaði ákveðna hluta út frá breytingartillögum.“

Blaðamanni liggur næst forvitni á að vita hvernig Sólveigu hafi gengið að undirbúa sig fyrir hlutverk Dísar, sem er í bókinni margræð persóna og talin stríða við geðræn vandamál. „Þegar upp var staðið var ég orðin svoltíð gegnumsyrd af sögunni,“ útskýrir Sólveig. „Samt uppgötvar maður sífellt nýja fleti á henni og persónan Dís vekur upp áleitnar spurningar, eins og hvar mörk geðveiki liggja og hvernig skilgreina eigi sannleikann.“

Æfingar á Gunnlaðar sögu hófust að nýju í ágúst þegar handritsbreytingum var lokið og hafa á heildina séð gengið vel, enda segjast leikkonurnar vera með einvalalið listamanna á bakvið sig. Blaðamaður hefur einmitt orð á því hversu flott leikmyndin sé en Vytautas Narbutas sá um hönnun hennar og þá benda leikkonurnar þrjár á að hún sé alveg mögnuð í réttri lýsingu, en hana annast Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Þegar hér er komið við sögu birtist leikstjórnin í dyrunum til að kunnngera að kaffipásunni sé lokið og hefur um leið orð á því að leikkonurnar minni á þrjár dúkkur þar sem þær stilla sér upp fyrir ljósmyndara. Sú samlíking situr eftir í huganum þegar blaðamaður og ljósmyndari yfirgefa Hafnarfjarðarleikhúsið þar sem Gunnlaðar saga verður frumsýnd í kvöld.



Sólveig Guðmundsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir og María Heba Þorkelsdóttir eru meðlimir í kvenfélaginu Garpi sem ásamt Hafnarfjarðarleikhúsinu setur upp Gunnlaðar sögu.

SNIÐUGT

LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér sniðuga lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga


LÝSING



Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR
Mynd: HÖRÐUR

» ÞAÐ ER GAMAN AÐ GEFA «

UNICEF hefur nú verið starfandi hér á landi í tvö og hálf t. Hólmfríður Anna Baldursdóttir er upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi og hún segir að íslenskir heimsforeldrar hafi staðið sig mjög vel á þeim tíma.

HVERNIG GENGUR?

Það gengur alveg rosalega vel. Á þeim tíma sem við höfum verið starfandi hafa yfir sjö þúsund heimsforeldrar skráð sig, sem er framar okkar björtustu vonum. Það er líka ótrúlegt að fylgjast með hvað fólk er áhugasamt og duglegt við að taka það upp hjá sjálfu sér að styrkja hin og þessi verkefni. Mér finnst eins og Íslendingar séu að vakna meira til vitundar um að þeir geti haft áhrif og þó að við búum á lítilli eyju úti í ballarhafi þá erum við hluti af íbúum jarðar og þeir hafa það ekki allir jafn gott og við.

HVAÐ FELUR ÞAÐ Í SÉR AÐ VERA HEIMSFORELDRI?

Ef að fólk gerist heimsforeldrar þá er það að styrkja verkefni Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna úti um allan heim. Heimsforeldrar styrkja ekki eitt ákveðið barn heldur er framlögunum varið í verkefni sem gagnast mörgum börnum eins og að byggja skóla og brunna og bólusetja börn í heilu löndunum. Verkefni UNICEF er neyðarhjálp og núna erum við mikið að vinna í Líbanon og Súdan og á fleiri stöðum þar sem þörfin er mikil. Heimsforeldrar geta verið vissir um það að peningum þeirra er varið þar sem þörfin er mest hverju sinni og það sýnir kannski hve þörfin er mikil að

UNICEF starfar í næstum því hundrað og sextíu löndum og svæðum.

ERU ÍSLENDINGAR GÓÐIR HEIMSFORELDRAR?

Framlög frá landsnefnd UNICEF á Íslandi eru þau hæstu miðað við höfðatölu framlaga landsnefndanna þrjátíu og sjö. Stærstur hluti okkar framlaga kemur frá heimsforeldrum sem eru orðnir næstum því þrjú prósent þjóðarinnar og hluti þessara framlaga kemur til af því að Baugur, FL Group og Fons skrifuðu undir hundrað þrjátíu og fimm milljón króna samning um að styrkja menntaverkefni í Gíneu-Bissá. Það safnast allt þegar saman kemur og þetta þykir alveg rosalega góður árangur. Við fengum viðurkenningu í vor frá UNICEF fyrir það hvað Íslendingar eru að standa sig vel og Ann M. Veneman, framkvæmdastjóri UNICEF, kom til Íslands núna í sumar til þess að þakka Íslendingum fyrir og skrifa undir framtíðarsamstarfssamning við okkur. Það voru ákveðin tímamót og eiginlega svona endirinn á byrjuninni og upphafið á framtíðinni.



HVAÐ KOSTAR AÐ VERA HEIMSFORELDRI?

Heimsforeldrar ráða því alveg sjálfir hvað þeir borga á mánuði en svona meðal

mánaðarframlag er þúsund krónur. Síðan er hægt að hækka eða lækka framlögin að vild og hætta og byrja aftur eftir því sem hentar. Það er ekki mikið hægt að gera fyrir þúsund krónur hér á Íslandi en þær geta gert kraftaverk annars staðar og það er mjög gaman að vita til þess að þinn þúsundkall getur farið í að mennta eitt barn eða bólusetja tíu börn í þróunarlöndunum.

HVAÐ ER NÆST Á DAGSKRÁ HJÁ YKKUR?

Þann fyrsta desember, sem er alþjóðlegur baráttudagur gegn alnæmi, ætlum við að halda fjáröflunarsjónvarpsþátt í samstarfi við 365. Markmið þáttarins er að sýna heimsforeldrum hvernig framlögum þeirra er varið og reyna að fá fleiri til þess að skrá sig. Núna erum við að vinna í þessu á fullu og þetta verður mjög veglegt en við ætlum að leggja áherslu á hvað það er gaman að gefa. Ég er núna á leiðinni til Svasílands með Sigur Rós að taka upp efni fyrir þáttinn en þar er hæsta hlutfall HIV-smitaðra í heiminum. Þeir sem hafa komið til Afríku taka strax eftir því hvað er mikið líf og fjör í fólkinu þar þó að það eigi um sárt að binda og stutt sé í dans og söng. Við eigum örugglega eftir að dansa eitthvað og syngja og í þættinum verða sýnd brot úr þessari ferð.



BERMEO SVEFNSÓFI

þykk og góð springdýna 140x190cm




Fjölbreytt úrval áklæða með óhreinindavörn sem hægt er að taka af og þvo.



LLANES

SVEFNSÓFI

þykk og góð springdýna 120x190cm



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

SVEFNSÓFAR

Komdu í verslun okkar að Suðurlandsbraut því sjón er sögu ríkari.

Skapandi vinnualki

Agnar Jón Egilsson var þreytulegur þegar hann settist hjá mér á Prikinu. Kannski engin furða. Nýlega var búið að frumsýna í Austurbæ tvö ný verk sem Agnar bæði leikstýrir og skrifar. Klukkan var nú að morgni og til að gleyma grámyglulegri haustlægdinni sem hamaðist á glugganum fengum við okkur vel úti látinn morgunverð og spjölluðum um Austurbæ, brotthvarfið úr Rómeó og Júlíu, leiklistina og fangelsisvistina.

Agnar á nú þrjú verk á fjöllum Austurbæjar. Verkin sem um ræðir eru Hafíð bláa, sem frumsýnt var á síðasta leikári, barnaleikritið Drekaskógur og Afgangar, sem hlotið hefur góðar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Afgangar segir frá ungu pari og einnar nætur kynnum þeirra, hvernig þau komu til, hvað þau leiða af sér og hvað þau gætu leitt af sér. Áhorfandinn verður svo sjálfur að ákveða hvað er raunverulegt og hvað er hugarburður persónanna.

Agnar skrifaði Afganga fyrir fjórum árum og hefur verkið legið lengi ofan í skúffu. Hann man varla eftir því að hafa skrifað það, bara að hann hafi verið á sólarströnd og að honum hundleiddist. „Verkið fjallar um ástina, hvern við elskum og hvernig við erum elskuð og það held ég að valdi flestum okkar áhyggjum,“ segir Agnar. „Þegar maður er 101 rotta og hittir mikið af fólki og skemmtir sér mikið og er búinn að upplifa tímabil þar sem maður er ekki í ástarsambandi finnur maður svo mikið að það eru allir að leita að hlýju og ástarsambandi. Annað er bara ómannlegt. Það sem hægt er að kalla lauslæti Íslendinga á börum er ekkert annað en örvæntingarfull leit að hlýju og lífsförunaut. Um það er verkið.“

Agnar heldur svo áfram: „Af hverju fer fólk beint saman heim? Ég velti stundum fyrir mér hvort það sé vegna þess að það treysti ekki hvort öðru og trúu ekki að hinn aðilinn vilji hafa eitthvað með það að gera þegar það kynnist. Hvers konar sjálfstraust er það að geta ekki sagt: Gaman að sjá þig, það væri gaman að hitta þig aftur?“

Upphaflega ætlaði Agnar að setja Afganga upp á eigin vegum en hann tók þá ákvörðun að hafa fyrsta samlestur í Austurbæ til að fá eigendur til að flýta framkvæmdum á nýjum leiksal. Sá salur er á efri hæð hússins og rúmar um áttatíu til hundrað manns í sæti.

„Arnheiður Vala Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri hússins, heyrði hins vegar fyrsta samlesturinn og sagði bara: Þetta vil ég framleiða. Þú ert ekki að fara að gera þetta með enga peninga heldur skulum við gera þetta með glans,“ segir Agnar.

Þegar maður setur hjarta sitt og sál í leikverk, sem Agnar hefur svo sannarlega gert með Afganga, og hver sem er getur séð verkið, hlýtur maður að óttast viðbrögð fólks. Gagnrýni á verkið er einnig gagnrýni á mann sjálfan og slíkt hlýtur að taka á. Eitt er að setja upp klassískt verk og annað að opna sig fyrir alþjóð og hvort tveggja hefur Agnar fengið að reyna. „Það er mikið af mér og mínu hjarta í verkinu en það fjallar ekki um mig. Ég er hvorug persónan í leikritinu, en ég er að fjalla um ýmsa hluti sem ég hef lent í. Ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fólki, bæði gagnrýnendum og áhorfendum, svo ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þessu nú. Ég hef hins vegar fengið slæma dóma fyrir verk, sem ég bæði setti hjarta mitt og hugsanir í og ég var lengi að jafna mig eftir það.“

BÖRNIN Í DREKASKÓGINUM

Agnar hefur kennt börnum og unglingum leiklist í níu ár samfleytt ef frá er talið eitt ár er hann bjó í Prag. „Þá þornaði ég bara upp og gat ekkert skrifað vegna þess að það voru engir krakkar að segja mér hversu einfalt og skemmtilegt þetta allt er. Auðvitað endar þetta á því að jóla-sveinninn kemur og giftist mömmunni, ef þú veist hvað ég á við?“ segir Agnar og hlær. „Þau veita manni líka gott aðhald. Ef maður er að hoga sér eins og fífl þá segja þau manni það og maður verður bara að gjöra svo vel að hætta því.“


Agnar og eigendur Austurbæjar sáu tækifærið sem fólst í rekstrinum og komu á laggimar röð námskeiða fyrir börn og unglinga og stofnuðu samfara því barnaleikhús. Í sumar hafa börn á aldrinum níu til sautján ára fengið leiðsögn í leiklist og sem lokahnykk skrifaði Agnar leikritið Drekaskógur sem börnin leika öll í. „Þetta er voða klassískt barnaævintýri, stolið úr réttum áttum. Fátæk börn sem eru flutt inn í skóg, barátta milli svartálfa og skógardísa, dreki, og eins og í öllum Grimms ævintýrunum þarf að refsa þeim vondu í lokin, en ég ætla nú ekki að segja hvernig það endar.“

Allir sem koma að sýningunni, fyrir utan leikarana, eru atvinnumenn. Þar að auki eru búningar, leikmynd, hljóð og ljós í höndum fagmanna. „Þetta er alvöru leikhús og það er ótrúlegt hversu vel krakkarnir standa sig. Það er mikill texti í verkinu, þetta er rúmlega klukkutíma sýning og við höfðum bara þrjár vikur til að æfa verkið upp,“ segir Aggi og leggur frá sér kaffibollann og hallar sér fram. „Ég hélt að ég væri að ganga fram af krökkunum og mér en svo bara gerðist þetta og það var ekkert mál.“

LEIKLIST INNAN MÚRANNA

Agnar kennir ekki aðeins börnum og unglingum í öruggu umhverfi Austurbæjar. Einu sinni í viku fer hann inn fyrir öryggisgjörðingar Litla Hrauns og veitir gallhördum föngum leiðsögn á leiksviði. Þar ætlar hann að setja upp klassískt verk en verkefnið verður einnig tekið upp í heild sinni og um það verður gerð heimildarmynd. Margir myndu veigra sér við að standa fyrir framan fanga og biðja þá að leika smástelpur og gamalmenni en Agnar segist bara hafa gaman af því. „Þegar ég hittir þá fyrst man ég ekki eftir að hafa verið stressaður. Ég var miklu heldur spenntur og hlakkaði til að sjá hvað biði mín,“ segir Agnar. „Þeir eru alveg frábærir þessir menn og mér hefur gengið mjög vel að vinna með þeim.“ Aðspurður um hæfileika fanganna á sviði og hvernig hann haldi að þeim gangi að vinna með bundna málið þarf Agnar aðeins að hugsa sig um. „Ég er að vinna að því að einfalda leikgerðina og við sjáum til með bundna málið. Ég held að það verði ekkert vandamál en það getur verið að við dettum inn og út úr því. Varðandi hæfileikana held ég að það

*„Það sem hægt er að kalla lauslæti
Íslendinga á börum er ekkert annað
en örvæntingarfull leit að hlýju og
lífsförunaut. Um það er verkið.“*





þurfi ákveðið kreativitet til að brjótast út frá norminu og brjóta lögin. Það hafa allir þessir menn augljóslega gert.“

Innan fangelsismúra koma upp ýmis vandamál sem leikstjórar þurfa yfirleitt ekki að hafa áhyggjur af. „Við vorum fljótir að grínast með það hvaða verkfæri við mættum nota til að smíða leikmyndina,“ segir Agnar hlajandi. „Ekki mættum við nota naglabyssur, hvað með heftibyssur? Þyrftum við kannski að smíða alla leikmyndina úr frönskum rennilásum?“ Annað vandamál sem upp kom tengdist hlutverkaskipan. Ekki gengi að aðalleikarar fengu reynslulausn viku fyrir frumsýningu og grínast var með það innan hópsins að þeir sem ættu eftir að afplána lengstu dómanna fengu öll aðalhlutverkin. „Ég ákvað það strax og sagði föngunum að ég vildi ekki vita fyrir hvað þeir sætu inni. Ég vildi nálgast þá eins og aðra nemendur og leikara því ég get ég verið fordómafullur eins og aðrir og þetta er tilraun til þess að forðast það.“

Þegar Agnar talar um samstarf sitt við fangana er augljóst að honum finnst mikið til þess koma. Það kemur ekki á óvart. Fyrir mann sem

sækir innblástur í kennslu er þetta ómetanlegt, svo ekki sé talað um leikskáld sem vill fjalla um ástina, fjölskylduna, sambönd, og samskipti.

VESTURPORT

Leiklistarsenan hefur breyst mikið á síðustu árum og á Vesturport þar stóran hlut að máli. Leikhópurinn hefur verið mikið í fjölmiðlum enda orðinn einn af helstu útflutningsvörum Íslendinga í listgeiranum. Rómeó og Júlía sáu til þess að Vesturport varð að einhverju erlendis og það er furðulegt að horfa upp á það að nafn Agnars hefur orðið að einhvers konar draug í allri þeirri umræðu. Hann var annar tveggja leikstjóra verksins, enda erfitt fyrir Gísla Örn Garðarsson, hinn leikstjóran, að leikstýra þegar hann sveiflaðist fram og aftur í rólunni uppi í rjáfri. Agnar yppir öxlum og segir að svona sé þetta bara. Gísli hafi átt heildarhugmyndina og hann hafi valið að fara með verkið út. Agnar varð hins vegar eftir heima. „Það er ekkert viðkvæmt mál, Gísli vildi bara ekki hafa mig með og réð annan leikstjóra. Hann átti þetta verkefni og hann réð því bara. Ég var alls ekki sáttur við það en það er bara þannig,“ segir Agnar og bætir við glottandi. „Til að byrja var eins og krakkarnir í Rómeó og Júlíu héldu að ég væri með hvítblæði, þau fóru svo varlega um mig. En þetta er bara ákvörðun sem var tekin og ég varð fúll og sár en svo kemur annar dagur og maður heldur áfram að vinna að sínu.“

Agnar er þrátt fyrir þetta ennþá Vesturportari enda segir hann félagskapinn eins og skátana, eitt sinn Vesturportari – ávallt Vesturportari. „Vesturport virkar þannig að einn innan hópsins á sér draum og hann spyr hvort aðrir vilji vera með og annað hvort vill fólk það eða ekki. Að þessu leyti er ekki til neitt sem heitir Vesturport sýning,“ segir Agnar. „Það má segja að sýning sem ég setti upp, Glæpur gegn diskóinu, hafi frá ákveðnum sjónarhóli séð verið Vesturport sýning því helmingurinn af okkur var Vesturportarar. Ég held til dæmis að Woyzeck hafi ekki verið með svo hátt hlutfall.“

Vesturport er orðið að vörumerki sem veltir tugum ef ekki hundruðum milljóna og frá því hópurinn var stofnaður af nýútskrifuðum leiklistar-nemum fram til kvikmyndaframleiðslunnar nú hefur hreint verðgildi vörumerkisins Vesturport hækkað töluvert. Það er óhjákvæmilegt að þar sem peningar koma við sögu, hafa þeir áhrif á allar ákvarðanir. „Vesturport hefur auðvitað fengið fullt af peningum til að setja upp sýningar og þegar hópurinn greiðir atkvæði um hvert peningarnir eigi að fara þá er sú sýning orðin Vesturport sýning. Það er hins vegar miklu meira sem hópurinn gerir, eins og til dæmis í Kringlunni rústað eftir Víking Kristjáns sem var lítil en frábær sýning sem algjörlega gekk upp,“ segir Agnar.

LÆRIR MEÐ ÁRUNUM

Þrátt fyrir að stutt sé síðan Afgangar og Drekaskógur voru frumsýnd er Aggi strax kominn í næsta verkefni. Tilraunakennt dansleikhús þar sem dans er unninn út frá þekktu verki, textahöfundur fenginn til að semja nýjan texta við dansinn og öllu er svo skeytt saman. „Þetta er draumur hvers leikstjóra. Þetta form er eiginlega dótakassi þar sem við vitum ekkert hvað við drögum upp,“ segir Agnar.

Það er alþekkt innan leiklistarinnar að Agnar er vinnualki og hann sagði mér eitt sinn að hann borðaði ekki til að njóta þess, heldur til að fá orku. „Ég er afskaplega praktiskur á mar. Þegar ég er í frii á ég það til að gleyma að borða heilu og hálfu dagana og þá léttist ég. Svo þegar ég þarf orkuna til að vinna þá borða ég og þá fitna ég,“ segir Agnar. „Annars hef ég lært að slappa ef með árunum.“ Ég spurði hvort það væri reynslan sem hefði kennt honum það eða hvort það væri af illri nauðsyn? „Nei hvorugt held ég,“ svarar Agnar. „Ætli maður verði ekki einfaldlega værukær með árunum.“



ENNEMM / SIA / NM23365

6 til sjö

Guðrún og Felix alla virka daga á **SKJÁEINUM** milli 18 og 19.
Pátturinn er endursýndur milli 7 og 8 alla virka morgna.

SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland





Frá Theo koma fót á hunda í ýmsum stærðum þannig að þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Mynd: VALLI



Tískusýningin var haldin í Metropolitan Pavillion í New York þar sem margir frægir tískuhönnuðir hafa sýnt.

Mynd: THEO



Fötin frá Theo vöktu verðskuldaða athygli enda vönduð og framsækin.

Mynd: THEO



Theodóra er mikill dýravinur og fannst því gaman að geta sameinað áhugamáli síni í hönnun hundafatnaðs.

Mynd: VALLI

Donna Karan hundanna

Theodóra Elísabet Smáradóttir hönnuður er nýkomin af vel heppnaðri tískusýningu í New York sem er nokkuð sérstæð, þar voru fót á menn og hunda höfð til sýnis.

Texti: ROALD VIÐAR EYVINDSSON

„Það var einstaklega gaman að taka þátt,“ segir Theodóra um tískusýninguna, sem gengur undir heitinu NY Pet Fashion Week og var haldin í Metropolitan Pavillion í New York dagana 19.-20. ágúst. Þar hafa margir frægir tískuhönnuðir sýnt fót í gegnum tíðina, til að mynda Ralph Lauren, Calvin Klein og Tommy Hilfiger.

Theo, en það nefnist fyrirtæki Theodóru, var með þrjár innkomur í tískusýningunni sem var þríþætt. „Fyrsta sýningin var haldin á gala balli á laugardagskvöldi, ætlað fyrir mennum og fjölmiðlafólki,“ útskýrir Theodóra. „Næst voru tvær sýningar haldnar á sunnudegi. Sú fyrri fyrir búðar-eigendur og fagfólk í gæluþrábransanum og síðan sýning opin almennungi um kvöldið.“

Að sögn Theodóru fengu fötin frá Theo góðar viðtökur, en fyrir henni er það ákveðin staðfesting á því að fyrirtækið sé á réttri braut. „Við vorum með mun breiðari línu en hin fyrirtækin,“ segir hún. „Auk þess erum við með fót í sjö stærðum, ekki bara á smáhunda heldur líka á stærri hundategundir en það hefur vantað hingað til.“

Theodóra segir svörunina vera sér mikla hvatningu til áframhaldandi starfa. „Við fengum mikla athygli og sýningin hefur fengið góða

umfjöllun í bandarískum fjölmiðlum, þannig að ýmislegt bendir til að Theo eigi fyrir sér bjarta framtíð á Bandaríkjamarkaði,“ segir hún vonglöð en hundafötin eru þegar seld á Íslandi og víðs vegar um Evrópu.

Stofnun fyrirtækisins má rekja til þess að Theodóra uppgötvaði hversu fátæklegt framboðið væri á fatnaði fyrir hunda þegar hún ætlaði að kaupa fót á chihuahua hundinn sinn, hann Lúlla. „Það varð til þess að ég fór sjálf að hanna fót á hundinn, en þar kom margra ára reynsla af hönnun og saumaskap að góðum notum,“ segir hún. „Smám saman vatt saumaskapurinn upp á sig eða þar til úr varð fyrirtæki, sem hefur það að markmiði að hanna vönduð fót á hunda af öllum stærðum og gerðum.“

Tískusýningin fyrrnefnda í New York er einn liður í því markmiði sem Theodóra og samstarfsfólk hennar hafa sett sér, en það er að kynna fyrirtækið betur á alþjóðlegum vettvangi. Framundan er markaðssetning á nýrri fatalínu fyrir hunda auk þess sem undirbúningur er hafinn fyrir sýningar á Norðurlöndunum. Það verður því spennandi að fylgjast með fyrirtækinu í framtíðinni og vonandi að það haldi áfram á sömu braut.



Hve marga þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?





Hér sést Nína með Maríu dóttur sína og soninn Ævar, en hin börnin José, Rosario og Kelly voru öll í skóla á meðan á myndatöku stóð.

Samskipti við stjúpborn flóknari

Nína Rúna Kvaran eignaðist fimm börn á tveimur árum, tvö líffræðileg börn og þrjú stjúpborn, eftir að hún hóf sambúð með Lázaro Luis Nunez Altuna og segist nálgast þau með ólíkum hætti.

Nína og Lázaro felldu hugi saman fyrir fimm árum síðan. Margir héldu að sambandið yrði skammlíft, í ljósi þess að tuttugu ára aldursmunur er á Lázaro, þá 43 ára, og Nínu, 23 ára, auk þess sem hann átti þrjú börn frá fyrra sambandi í bænum Chiclayo í Perú þar sem hann er fæddur og uppalinn.

Sambandið styrktist hins vegar stöðugt og ekki leið á löngu þar til Nína og Lázaro fóru að velta möguleikanum fyrir sér að búa börnunum heimili á Íslandi, en Nínu fannst ekki annað hægt en að bæta lífsskilyrði þeirra og framtíðarhorfur.

„Eftir að samþykki móðurinnar fékkst tók nokkurn tíma að ganga frá öllum lagalegum endum áður en börnin komust til landsins,“ segir Nína,

sem var þá barnshafandi af fyrra barni þeirra Lázaros en saman eiga þau tvö líffræðileg börn. „Börnunum gekk vel að aðlagast breyttum aðstæðum, náðu fljótlega valdi á tungumálinu og fengu einstaklega góðar móttökur hjá vinum og vandamönnum,“ bætir hún við.

Nína varð því fimm barna móðir að heita má á einni nóttu. Það liggur beint við að spyrja hvernig gengið hafi að axla alla ábyrgðina sem fylgdi börnunum og hvort henni finnst vera einhver munur á því að ala upp stjúpbornin og þau líffræðilegu? „Líf manns breytir auðvitað algjörlega um stefnu við að eignast börn,“ útskýrir Nína. „Það er enginn munur á væntumþykju heldur má segja að samskipti við stjúpborn séu flóknari en við þau

líffræðilegu. Ég verð að muna að þau eiga móður í Perú og ætlast alls ekki til að ég leysi hana af hólmi. Ég hef því reynt að nálgast þau eins og góður vinur og lagt mig fram við að hjálpa þeim í alla staði.“

Nína bætir við að taka þurfi tillit til fortíðar stjúp barnanna og fyrri reynslu. „Það er ekki hægt að ætlast til að þau taki upp skoðanir manns undir eins, heldur þurfa allir aðilar gagnkvæman aðlögunartíma,“ segir hún. „Maður þarf tíma til að kynnast þeim, ólíkt líffræðilegu börnunum sem maður þekkir frá fæðingu. Ég lít á það sem blessun að hafa fengið að verða stjúpforeldri, þetta er merkileg reynsla sem ekki allir fá að upplifa.“

Karolin 3ja sæta svefnsófi



Tilboð
kr.110.000.-

Canett

Eikarlína



Karolin

með tungu



Tilboð. 129.000.-

Lugano

spálfstæð fjóðrun



7 svæða latex
pokagormadýna

ELECTA 5 svæða pokagormadýna og botn



140x200cm 68.700.-
160x200cm 87.000.-

Optiflex



Rafstillanleg rúm með dýnu
80x200 áður 93.900.- nú kr. 84.510.-

Doris



90x200 áður 43.900.- / nú 37.315.-
120x200 áður 56.920.- / nú 47.770.-
140x200 áður 60.000.- / nú 51.000.-
160x200 áður 72.900.- / nú 61.965.-

www.toscana.is

Korfu



2+H+2 / 196x196 verð 99.000.-
3+H+2 / 196x242 verð 109.000.-

Casper



tilboð kr. 39.000.-



kr. 9.800.-

Mikið úrval af stökum dýnum

HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA

SMÍÐJUVEGI 2, KÖP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN 5: 478 2535



HVAÐ Á ÉG AÐ GERA



HLÝTT Á TÓNA BRAIN POLICE Brain Police hefur sent frá sér nýjan disk, *Beyond the Wasteland*. Þetta er þeirra fjórða breiðskífa og inniheldur hún ellefu lög sem stytt geta stundirnar þessa vikuna. Meðal annars er að finna lagið *Rooster Booster* sem klifraði í efsta sæti allra rokkstöðva landsins á dögnum. Hausaskakarar og aðrir ættu að geta dillað sér við tóna Brain Police, passið bara að sprengja ekki græjurnar.

ÚT AÐ BORÐA Á AUSTUR INDÍAFÉLAGINU Fyrir utan að maturinn er hreint lostæti og þjónustan frábær, er staðurinn kósí og þá sérstaklega á haustin. Háir básar skapa rómantískt andrúmsloft við kertaljós og indverskan ilm úr eldhúsinu. Þar að auki er hægt að borða góða máltíð án þess að eyða tugum þúsunda.




ÚRSLITIN RÁÐAST Í BOLTANUM

Landsbankadeildin ætti að klárast núna um helgina. FH-ingar taka á móti Víkingum kl. 14 og gæti svo farið að þeir tryggi sér Íslandsmeistaratitilinn, en aðeins ef þeir vinna. ÍA og ÍBV verma botnsætin og eigast þau við í sex stiga leik uppi á Skaga. Tapi Vestmannaeyingar eru þeir svo gott sem fallnir og þá getur jafnvel Árni Johnsen ekki hjálpað þeim. Allir á völlinn og takið börnin með. Fín skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



SHAKESPEARE Á JAPÖNSKU Ef þú vilt vera úber menningarsinnaður þá er japanski leikhópurinn Theater du Sygne með frumsýningu á *Taming of the Shrew* eftir Shakespeare 16. september kl. 20 í Þjóðleikhúsinu.

Sýningin gæti reynt á þólrifin. Hún er 105 mínútur að lengd og ekkert hlé er á sýningunni, þannig að þú skalt vera búin(n) að pissa áður en þú færð þér sæti. Já, og eitt í viðbót. Sýningin er á japönsku en enskur skýringatexti fylgir með. Ekki að það skipti miklu máli því meistari Shakespeare er jafn illskiljanlegur á ensku, dönsku, japönsku og íslensku. Upplifunin ætti aftur á móti að verða engu lík.



SPENNANDI LISTAMENN Á laugardaginn opnar sýning á verkum þýsku listamannanna Tilo Baumgärtel og Martin Kobe í Safni við Laugaveg. Listamennirnir tilheyra kynslóð málara frá Leipzig, sem kenndir eru við hinn nýja Leipzig skóla og verða þeir viðstaddir opnunina.



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipílin fyrir almenningsalarni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
asetta@asetta.is www.asetta.is



KARTÖFLUR OG MEIRA MEÐ

Kartöflur, smjördeig og ostur er góð samsetning á hráefni. Það þarf ekkert meira en að fletja út smjördeig, skera kartöflur í sneiðar, strá osti yfir og inn í ofn. Til viðbótar er gott að nota ýmiss konar grænmeti; kúrbít og eggaldin í bitum sem er léttsteikt í ólífuoilú á pönnu, hráskinku, ólífur – í raun er allt gott ofan á smjördeigsbotn og kartöflur sem er gott ofan á pizzu. Síðan má þróa hugmyndina og fletja út smjördeig í eldfast mót, nota rifinn ost,

kartöflubita, beikon, lauk, mosarellaost og setja síðan smjördeig ofan á. Kartöfluréttir sem þessir geta bæði verið meðlæti og aðalréttir með salati og brauði. Þeir eru einnig sniðugir á veisluhlaðborð þar sem borið er fram kjötmeti. Það er vert að benda á að forsoðnar kartöflur geta komið að góðum notum við matreiðslu þessara tveggja rétta ef tíminn er naumur ... en ekkert jafnast samt á við nýjar og ferskar kartöflur.

Smjördeigsbaka með kartöflum, beikoni og mosarella

Þessi kartöfluréttur á ættir að rekja til Sviss. Gömul kunningsjakona bauð upp á hann í matarboði og hef ég alltaf haft uppskriftina í kollinum. Áferð hans og bragð á einmitt við þennan árstíma og hann er matarmikill. Mörgum þætti gott að drekka með honum rauðvín.

4-5 smjördeigsplötur
5 stórar kartöflur, soðnar og afhýddar, skornar í teninga
1 msk. ólífuoilía
10-12 beikonsneiðar, skornar í bita
1 lítill rauðlaukur, smátt skorinn
1 poki rifinn ostur
1 mosarellakúla, skorin teninga
svartur pipar

Byrjið á því að steikja saman beikon og lauk í olíu á pönnu þar til beikonið hefur brúnað aðeins og laukurinn mýkst. Fletjið út tvær smjördeigsplötur, sniðið og setjið í botninn á eldföstu móti, pikkið yfir deigið með gaffli. (Hér er miðað við meðalstórt mót svo hráefni getur verið meira eða minna eftir stærð mótsins sem notað er). Stráið rifnum osti yfir deigið, þá kartöflubitum, beikonblöndu, mosarellablitum og piprið aðeins. Þá kemur annað lag af kartöflubitum, rifinn ostur, beikonblanda, mosarellabitar og pipar. Fletjið út tvær smjördeigsplötur, leggið þær ofan á allt saman og búið til eins konar lok á réttinn með því að sníða deigið þægilega til (best er að skera það til eftir mótinu þegar það liggur ofan á réttinum og hafa það rúmt skorið svo hægt sé að stinga deiginu niður meðfram hliðunum). Úr afgangssdeigi má skera út skraut á bökulokið. Setjið í tvö hundruð gráða heitan ofn í 22-25 mínútur eða þar til deigið hefur bakast í gegn, er orðið gullið að ofan og kartöflurnar heitar og osturinn bráðinn.



GRAN RESERVA:

Stórkostlegur árgangur frá Montecillo

Spænsku vínin frá héraðinu Rioja hafa notið mikilla vinsælda hérlandis um áratuga skeið. Þau eru aðgengileg fyrir neytendur en jafnframt kraftmikil og stórgóð matarvín. Fremur einfalt er að læra á Rioja-vínin og skemmtilegt að prófa sig áfram með helstu gerðirnar, Crianza, Reserva og Gran Reserva. Flokkunin kemur til af því hversu lengi vínið hefur verið geymt í eikartunnum og í flöskum áður en það er sett á markað.

Alltaf er skemmtilegt þegar nýir árgangar koma á markaðinn frá Rioja. Þótt vín þaðan séu stöðug eru árgangarnir alltaf svöltið mismunandi. Nýverið kom í vínbúðirnar nýr árgangur af Gran Reserva og þykir einn sá besti hin síðari ár. Montecillo framleiðir aðeins Gran Reserva þau ár sem koma einstaklega vel út og 1998 var afar gott ár.

Reserva vínið sem nú er á boðstólunum er frá 2000 en það er búið til þegar Gran Reserva er ekki búið til og þá fáum við ofurgott Reserva vín sem ekki er eins dýrt og Gran Reserva. Crianza vínið er síðan frá 2001.

Bodegas Montecillo er með kunnustu vínhúsum Rioja, sem er helsta víngerðarsvæði Spánar. Þar heldur um taumana kona sem nefnd er „Drottningin af Rioja“ af löndum sínum, María Martínez. Hún er ein frægasta víngerðarkona heims. Montecillo er í eigu Osborne sem er eitt stærsta vínfyrirtæki Spánar og ekki síst þekkt fyrir sérrí sín og brandí auk þess sem vörumerki þess, nautið (El Toro) er ákaflega þekkt og kannast margir ferðamenn við „Osborne-nautin“, risavaxin naut úr járn sem má sjá meðfram hraðbrautum.

MONTECILLO GRAN RESERVA

Besta rauðvínið er valið í Gran Reserva og er það geymt í eikartunnum og síðan í flösku um árabíl áður en það er sett á markað, þroskað og tilbúið til neyslu. Þetta er mikið vín og flókið í klassískum Rioja-stíl, aðlöguðum að nútímalegum smekk. Hentar frábærliga með nautakjöti og öðrum betri kjötréttum.

Verð í Vínbúðum 1.890 kr.

MONTECILLO RESERVA

Reserva-vínið er geymt í frönskum eikartunnum í fjórtán til fimmtán mánuði. Fellur vel að flestu grilluðu kjötmeti. Einnig væri gaman að bragða á því með saltfiskréttum.

Verð í Vínbúðum 1.460 kr.

MONTECILLO CRIANZA

Eitt allra mest selda vínið í Vínbúðum. Þetta er mikið vín sem er unnið á sama hátt og Reserva-vín þó að María Martínez kjósi fremur að flokka það sem Crianza. Ein allra hagstæðustu kaupin í rauðvíni á Íslandi í dag.

Verð í Vínbúðum 1.130 kr.



Smjördeigspizza með kartöflusneiðum og fetaosti

Kona frænða míns bar þessa útgáfu af kartöflum fram um daginn með kjöti, salati og sósu og hún er ótrúlega góð og fljótleg.

3-4 smjördeigspötur
4-5 stórar kartöflur, soðnar, afhýddar
og skornar í þunnar sneiðar
fetaostur að vild
rósmaríngrainar

Fletjið út smjördeigspötur og leggið saman á bökunarplötu. Prýstið samskeytum niður og pikkið yfir deigið með gaffli. Leggið kartöflusneiðar yfir útflatt deigið, stráðið fetaosti jafnt yfir og leggið rósmarínsneiðar ofan á. Bakið við tvö hundruð gráða hita í tólf til fimmtán mínútur eða þar til deigið er bakað og gullið á köntum. Það getur verið gott að setja undirhita á ofninn í nokkrar mínútur í lokin svo botninn bakist vel að neðan.





Þarftu að hreinsa líkamann ?

Sítrónu, lime, engiferblanda og öflugar jurtir til að hreinsa líkamann



Erfitt að vakna ?

Orkumikið grænt te og jurtir gefa þér orku til að halda þér í toppformi



Viltu styrkja ónæmiskerfið ?

Sólhattur og aðrar öflugar jurtir sem hjálpa þér að berjast á móti kvefi og öðrum kvillum



Þarftu að slaka á ?

Epla og berjablanda með kanil og öflugum jurtum sem hjálpa þér að slaka á eftir erfiðan dag

Náttúrulega
FIREFLY

Patron ehf heilidsala
Ármúla 19
5531930

Flott fyrir **veturinn!**

Kynning



Benetton / Sisley - Smáralind
Verð 1.495, fleiri litir



Next - Kringlunni
Verð 3.190



Noa Noa - Kringlunni
Verð 8.790



Sautján - Kringlunni
Verð 2.990



gs skór - Kringlunni
Verð 13.990



Benetton / Sisley - Smáralind
Verð 3.995, fleiri litir



Sautjón - Kringlunni
Verð 5.990

Next - Kringlunni
Verð 3.990



Next - Kringlunni
Verð 7.690



Noa Noa -
Kringlunni
Verð 8.790



Sautjón - Kringlunni
Verð 1.690



Gallabuxnabúðin -
Kringlunni
Verð 8.900



gs skór - Kringlunni
Verð 12.990

NÚ ER ÞAÐ SVART!

Leður og lakk nýtur ávallt vinsælda, mismikilla þó eftir tímabilum, en svo virðist sem það verði sérlega áberandi í vetur. Ýmis teikn hafa verið á lofti um þessa þróun og má hana meðal annars greina í kvikmyndum sem leggja oft línurnar í tísku. Tískan í ár ber þannig sterkan keim afbúningi Halle Berry úr kvikmyndinni Catwoman, sem skírskotaði augljóslega í bdsm og munalosta. Annar augljós áhrifa-valdur eru fót sem leikkonan Brigitte Bardot klæddist við frumsýningu á kvikmynd sinni Shalako í London árið 1968. Röff og töff skal það vera og svartur fatnaður, lakkskór, há stígvél, hanskar og aðrir ögrandi fylgjhlutir eru inni.

SKÓR ÚR ALDO



HRINGUR ÚR ALDO

ÚR FRÁ ALDO



EYRNALOKKAR ÚR ALDO

DOLCE & GABBANA VESKI ÚR NOMA



ZINDA LEDURSTÍGVÉL ÚR NOMA



VESKI ÚR ALDO

Leikkonan Brigitte Bardot mætir leðurklædd til frumsýningar árið 1968. Mynd: GETTY IMAGES

DOLCE & GABBANA KROSS ÚR NOMA



STÍGVÉL ÚR ALDO

DOLCE & GABBANA BELTI ÚR NOMA



VESKI ÚR ALDO



GUCCI LAKKSKÓR ÚR NOMA



DOLCE & GABBANA HÁLSMEN ÚR NOMA





NÝJAR VÖRUR

Evans

Evans er bresk verslunarkeðja sem býður upp á hátískufatnað, undirföt, skó og fylgihluti í stærðunum 16-32 fyrir konur.

Evans | Smáralind | s. 522 8400 | evans@evans.is



Kristín Eva Þórhallsdóttir
elur upp

Mamma best

Eftir að ég varð móðir hafa atriði í bíómyndum þar sem steinsofandi karlmaður vaknar við minnsta hljóð og sprettur á fætur, fengið mig til að flissa. Í raunveruleikanum gæti nefnilega þjófurinn, eða leigumorðinginn sem sendur var inn á heimili karlmannsins, haldið partí og dúllað sér svo við að setja saman byssuna við rúmstokk mannsins án þess að vekja hann. Móðir á hinn bóginn væri búin að setja saman hríðskotaríffilinn um leið og hún myndi heyra manninn stíga út úr bílnum fyrir utan húsið, a.m.k. ef marka má ólík viðbrögð móður og föður við hljóðum frá börnum þeirra á nóttunni. Svo virðist vera að feður geti sofið af sér óskrandi grát smábarns á meðan móðirin hrekkur á augabragði upp úr djúpsvefni um leið og barnið gefur frá sér smáhljóð. Mér þætti til að mynda áhugavert að mæla viðbragðstíma móður, sem heyrir að barnið hennar er að fara að kasta upp um miðja nótt. Ég hef staðið sjálfa mig að því að vera steinsofandi, en vakna við búkhljóð barnsins míns, og á nokkrum sekúndum náð að rífa rúmfötin af rúminu og skella fötu eða handklæði undir barnið, áður en gusan kom. Hef ég heyrt ótal svona sögur frá öðrum mæðrum þar sem þær hafa jafnvel sofnað með eyrnatappa til að næla sér í hvíld, en að lokum hafi það verið þær sem vöknuðu en ekki faðirinn.

Ég geri mér grein fyrir því að ég er að mála dálítið dökka mynd af fedrum með þessum fullyrðingum og að þeim ólöstuðum þá má velta fyrir sér að þetta séu genin sem valda þessum mun eða samfélagslegir þættir. Móðirin hefur verið upphafin í gegnum aldirnar, nánast guðleg vera, sem ein þekkir þarfir barns og getur sinnt þeim. Hún hefur jú ansi gott forskot á föðurinn þar sem hún finnur barnið vaxa inn í sér og gefur því brjóst, og er þar af leiðandi meira í takt við barnið. Ef til vill er of erfitt að sleppa takinu af barninu? Og hugsanlegt er að mæður telji sig hreinlega vera betri til starfsins fallnar.

Mér finnst ég til dæmist oft vita manna best hvaða fót börnin eigi að klæðast, hvernig þeim líður, hvað þau eigi að sofa mikið og hvernig þau vilja leika sér, og hvernig eigi að búa um rúmið þeirra. Líkurnar eru þó ansi miklar að ég hafi rangt fyrir mér í flestum þessum tilfellum. Eins og flestar mæður finnst mér ég samt aldrei standa mig nógu vel og að ég hljóti að geta gert miklu betur. Þá er kannski voðalega gott að geta státað af því að vera fyrstur að spretta upp á nóttunni ef eitthvað gengur á, og geta sagt að enginn geri það betur.



Hjálpast að á heimilinu

Fæstum finnst heimilisstörf mjög skemmtileg en flestir þurfa þó einhvern tímann að takast á við þau. Ágætt er að venja börn á að taka þátt í heimilisstörfum frá unga aldri og finna þeim verkefni við hæfi. Börn þurfa til dæmis ekki að

